

Sveitarstjóri Dalir

From: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>
Sent: þriðjudagur, 3. apríl 2018 13:40
To: Sveitarstjóri Dalir
Subject: Laugar

Sælir,

Ég vona að þú hafir haft það gott um páskana. Það er nokkur atriði sem ég vil ræða/skoða, spurning hvort við heyrumst í síma til að ræða þessa atriði:

1. Jarðhiti og sundlaugabúnaður
 - a. Ég náði loksins að ganga upp að borholunum og þar hef ég nokkrar spurningar um ástand. Kannski best að Viðar og Samúel hjá THG verði með í því. Tók myndir og video sem ég er búinn að senda á Samúel.
 - b. Ég kom um helgina og gekk um húsin og það voru allir ofnar kaldir á hótélhlutanum. Vitið þið skýringuna á því og fer það ekki illa með herbergin/eignina? Heyrðum líka á fólki á svæðinu að pípulagnir í sundlauginni væru í ólagi og erfitt hafi verið að halda lauginni heitri. Veit líka að það hefur verið eitthvað bras á tengingu á nýja pottinum. Ég hef áhuga á að fá nánari upplýsingar um ástandið á borholum og sundlaugarbúnaði. Kannski best að Viðar og Samúel hjá THG verði með í því.
2. Við ætluðum að fá að gista eina nótt en það gekk ekki þar sem hótelið var fullt af fólki og að mér skildist fermingaveisla um helgina. Fór þá að velta fyrir mér tekjum hótelsins og leigusamningnum enn samkvæmt honum á húseigandi 28% af tekjum og 10% af veitingasölu. Gætuð þið sent mér upplýsingar um leigutekjur vegna:
 - a. Hóps sem gisti um páskana og fermingarveislu
 - b. Ungmennabúðirnar hafa verið að nota herbergi hótelsins undir kennara sem koma með skólum, gæti ég fengið upplýsingar um leigu sem er greidd þar á milli?
 - c. Anna talaði um stórt hótélverkefni um næstu helgi, gæti ég fengið upplýsingar um tekjur fyrir þá helgi?
 - d. Fleiri bókanir í vetur og fram á sumar?
3. Við þurfum svo að ræða ástand eignarinnar við skil
4. Við erum á fullu að undirbúa kaffihúsið og þyrftum að komast inn sem fyrst til að byrja. Er Valdís búin að gefa upp afhendingartíma? Mér skilst á fólkinu á svæðinu að hún hafi ekki verið á staðnum undanfarnar vikur. Er þetta kannski bara spurning um að aðstoða hana við að tæma húsið?
5. Við eigum svo eftir að ræða betur íþróttamannvirkin og ykkar afnot. Einnig rekstrarsamninginn við UMFÍ. Ég er að komast á þá skoðun að það sé best að við tökum hann yfir en vil fá að skoða aðeins betur áður en við ákveðum.
6. Svo eru nokkur atriði ennþá útistandandi sem Anna Björg hjá BBA hefur verið í sambandi með og snúa fyrst og fremst að Bergljótu að mér skilst.

Kveðja,

PH

Pórhallur Örn Hinriksson
Framkvæmdastjóri
th@arnarlon.is
S: 686-4085